

## LÖG

### um breytingu á lögum um gjaldeyrismál, nr. 87/1992, með síðari breytingum (arður, viðurlagaákvæði).

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. j laganna:

a. 6. mgr. orðast svo:

Með arði skv. 1. mgr. er aðeins átt við arðgreiðslur á grundvelli hagnaðar vegna reglulegrar starfsemi félags, þó ekki vegna sölu eigna. Greiðslur til hluthafa sem falla til við lækkun hlutafjár, í tengslum við slit á félagi eða til hluthafa sem hafa fengið fullnaðargreiðslu krafna sinna, að hluta eða að öllu leyti með útgáfu hlutafjár í hinu áður skuldsetta félagi, t.d. í samræmi við ákvæði nauðasamnings, teljast ekki arður í skilningi 1. mgr.

b. Á eftir orðinu „gjaldfellinga“ í 8. mgr. kemur: samkvæmt ákvæðum nauðasamnings.

#### 2. gr.

Við 16. gr. a laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Gera má lögáðila fésekt fyrir brot á lögum þessum og reglum settum á grundvelli þeirra óháð því hvort brotið megi rekja til saknæms verknaðar fyrirsvarsmanns eða starfsmanns lögáðilans. Hafi fyrirsvarsmaður hans eða starfsmaður gerst sekur um brot á lögum þessum eða reglum settum á grundvelli þeirra má auk refsingar, sem hann sætir, gera lögáðilanum sekt og sviptingu starfsréttinda, enda sé brotið drýgt til hagsbóta fyrir lögáðilann eða hann hafi notið hagnaðar af brotinu.

#### 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 28. maí 2014.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

\_\_\_\_\_  
*Bjarni Benediktsson.*